

þola ónothæf um leið og hann skilaði merkinu og það er heldur ekki sannað gegn eindregnum mótmælum gjörðarpola að bifreiðin hafi verið ónýtt til aksturs er margnefnd tilkynning var send.

Því er ekki mótmælt að þær kr. 48,00 sem umboðsmaður gjörðarpola hefir boðið fram sje rjett reiknaður skattur af bifreiðinni fyrir 4 mánuði.

Hin framkomnu mótmæli verður því að taka til greina og ber að synja um framgang gjörðarinnar nema fyrir kr. 48,00.

Miðvikudaginn 25. maí 1927.

Nr. 8 og 16/1927. **H.f. Jón Guðmundsson & Co.**

o. fl. (B. P. Johnson)

gegn

Veifarfaraversluninni Geysir

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útaf eignarrjetti til skaðabótafjár og herpinótar er tekið var fjárnámi.

Úrskurður fúgetarrjettar Reykjavíkur 20. desbr. 1926: Hin framkomnu mótmæli umboðsmanns gjörðarpola verða ekki tekin til greina og hið umbeðna fjárnám á fram að fara að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðjamanns.

Dómur hæstarjettar.

Með gestarjettardómi Reykjavíkur 29. maí f. á. var h.f. Jón Guðmundsson & Co. dæmt til að greiða Veifarfaraverluninni Geysir kr. 1836,25 ásamt vöxtum og kostnaði. Að liðnum aðfararfesti krafðist dómhafi með brjefi dags. 15. júlí f. á. fjárnáms til fullnustu dómsins, og var fjárnámsbeiðnin tekin fyrir í fúgetarjetti Reykjavíkur 14. desbr. f. á. Framkvæmdarstjóri h.f. Jón Guðmundsson & Co. mætti í rjettinum og lýsti yfir því, að firmað ætti engar eignir óveðsettar að vísa á til lúkningar dómkröfunni, en

dómhafi taldi það eiga herpinót og skaðabótakröfu að upphæð ca. 11000 kr. á hendur h.f. Hængur og krafðist að fjárnámið yrði gert í þessu, og er þessu var mótmælt af því að eignir þessar ekki tilheyrðu h.f. Jón Guðmundsson & Co., gekk úrskurður um þetta í fógætarjettinum 20. des. f. á. á þá leið, að fjárnámið skyldi framfara í þessum eignum, þó að fráðregnum kr. 2918,12 af skaðabótakröfunni, er fjárnámshafi viðurkendi fyrir fógætarjettinum, að fram-seldar hefðu verið öðrum manni, og var síðan fjárnámið samdægurs gert í eignum þessum, að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðjumanns.

Firmað Jón Guðmundsson & Co. hefir áfrýjað þessum fógætarjettarúrskurði og fjárnámi til hæstarjettar með stefnu dags. 20. jan. þ. á., og með framhaldsstefnu dags. 11. febr. þ. á. hafa Ingvar Einarsson, Ólafur Guðmundsson, Guðmundur Jónsson, Sam-ábyrgð Íslands, Hafnarsjóður Reykjavíkur og Bjarni Pjetursson einnig áfrýjað úrskurðinum og fjárnáminu sem meðalgöngumenn. Hafa þ hinir síðastnefndu áfrýjendur krafist þess, að úrskurðurinn og fjárnámið verði felt úr gildi að því er tekur til skaðabótakröfunnar, en Ingvar Einarsson og h.f. Jón Guðmundsson & Co. hafa krafist ógildingar að því er snertir herpinótina. Og allir hafa áfrýjendurnir krafist þess, að hið stefnda firma verði dæmt til að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Hið stefnda firma hefir hinsvegar krafist *ad al-lega* að fógætarjettarúrskurðurinn og fjárnámið verði staðfest og allir áfrýjendurnir verði dæmdir til in solidum að greiða málskostnað í hæstarjetti eftir mati rjettarins en *til vara*, að úrskurðurinn og fjárnámið verði staðfest, að því er snertir herpinótina og að þá verði h.f. Jón Guðmundsson & Co. og Ingvar

Einarsson dæmdir til in solidum að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Þeir af áfrýjendunum, er ógildingar hafa krafist að því er snertir skaðabótakröfuna, byggja kröfu sína á því að h.f. Jón Guðmundsson & Co. hafi verið búið að framselja þeim skaðabótakröfuna og þeir því verið eigendur hennar þegar fjárnámið fór fram. Um þetta er það með skjölum, sem lögð hafa verið fram af nýju í hæstarjetti, upplýst, að h.f. Jón Guðmundsson & Co. hefir á tímabilinu frá 3. mars til 3. júlí 1925 brjeflega framselt hverjum einstökum þessara áfrýjenda af skaðabótakröfunni sem hjer segir:

Ólafi Guðmundssyni	kr. 3816,20
Guðmundi Jónssyni	— 633,24
Samábyrgð Íslands	— 2500,00
Hafnarsjóði Reykjavíkur	— 1000,00
Bjarna Pjeturssyni kr. 11700,00 en samkvæmt málflutningnum er krafan talin nú vera	— 2152,00

Samtals kr. 10101,44

og er það tekið fram í 4 framsalsskjölunum, að málflutningsmanni þeim, er flytji skaðabótamálið fyrir undirrjettinum fyrir h.f. Jón Guðmundsson & Co. gegn h.f. Hængur sje falið að greiða framsalsupphæðirnar, er úrslitadómur sje genginn í því. Það hefir ekki verið vjefengt hjer fyrir rjettinum, að framsöl þessi hafi verið gefin á þeim tíma er hvert þeirra greinir til greiðslu lögmætra skulda, og er það enn fremur upplýst, að skaðabótaupphæð sú, er h.f. Jón Guðmundsson & Co. fjekk sjer tildæmda hjá h.f. Hængur, nam kr. 10774,62, þannig að telja verður að fjárnámið hafi verið gert í þeirri upphæð að frádragnum kr. 2918,12 eða í kr. 7856,50, sem er minni upphæð en hinar framseldu upphæðir nema samtals.

Það verður þannig að telja það sannað, að h.f. Jón Guðmundsson & Co. hafi ekki verið eigandi hinnar fjárnumdu skaðabótaupphæðar er fjárnámið fór fram og ber því að fella fógetarjettarúrskurðinn og fjárnámið úr gildi að þessu leyti.

Um herpinótina hafa áfrýjendurnir Ingvar Einarsson og h.f. Jón Guðmundsson & Co. haldið því fram, að firmað hafi selt Ingvari Einarssyni nótina vorið 1926 og þessu til sönnunar hafa þeir lagt fram sem ný skjöl sölureikning nótarinnar dags. 15. ágúst 1926 með áritaðri kvittun fyrir greiðslu kaupverðsins, sem talið er hafa verið 5000 kr., og enn fremur staðfestan útdrátt úr bókum h.f. Jón Guðmundsson & Co., er á að sýna að söluandvirðið hafi í bókum fjelagsins verið fært sem greitt þ. 3. maí 1926. En stefndi hefir haldið því fram, að hjer sje um málamynda sölu að ræða og hefir hann mótmælt því, að nokkur raunveruleg sala á nótinni hafi farið fram. Hefir hann með vottorði tveggja manna, er tekið hefir verið gilt sem eiðfest væri, upplýst það, að Ingvar Einarsson hafi þremur dögum eftir að fjárnámsbeiðnin var tekin fyrir í fógetarjettinum sagt það í áheyrn vottorðsgefendanna beggja samtímis, að hann ætti ekkert í nótinni og að framkvæmdarstjóri h.f. Jón Guðmundsson & Co. hefði fyrir 3—4 dögum »komið til sín og fært nótina yfir á sitt nafn«, en hann ætti ekkert í henni, þar sem hann ekkert hefði greitt fyrir hana. Þá hefir stefndi með vottorði þess, er geymdi nótina, er einnig hefir verið tekið gilt sem staðfest væri fyrir rjetti, upplýst, að hann teldi sig geyma nótina fyrir Jón Guðmundsson, er falið hefði sjer geymslu hennar *haustið* 1926 og greitt nokkurn hluta reikningsins fyrir geymsluna, er þó samkvæmt tilmælum Jóns var stilaður á Ingvar Einarsson. Að

fengnum þessum upplýsingum verður að líta svo á, að með framangreindum sölureikningi og útdrætti úr bókum h.f. Jón Guðmundsson & Co. sje ekki framkomin í málinu næg sönnun þess, að nótin hafi verið komin úr eign nefnds firma, er fjárnámið fór fram og ber því að staðfesta að þessu leyti fógetarjettarúrskurðinn og fjárnámið í herpinótinni.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að dæma áfrýjendurna h.f. Jón Guðmundsson & Co. og Ingvar Einarsson til þess að greiða stefnda in solidum 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður og fjárnám er úr gildi felt að því er snertir hina fjárnumdu skaðabótakröfu, en skal að öðru leyti óraskað.

Áfrýjendurnir h.f. Jón Guðmundsson & Co. og Ingvar Einarsson greiði stefnda Veifarfæra-versluninni Geysir in solidum 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum, en að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru þau, að Ásgeir Guðmundsson, lögfræðingur hefir, sem gjörðarbeiðandi í þessu máli, krafist þess f. h. veifarfæraverslunarinnar „Geysir“, að fjárnám verði gert í eignum h/f. Jón Guðmundsson & Co. til tryggingar greiðslu dómsskuldar, að upphæð kr. 1836,25, með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1925 til greiðsludags og kr. 186,00 í málskostnað, auk kostnaðar við fjárnám þetta og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Jón Guðmundsson, sem mætt hefir við fjárnám þetta f. h. h/f. Jón Guðmundsson & Co., hefir upplýst, að gjörðarþoli hafi átt tvo nótabáta og nótt og eanfreður skaðabótakröfu, að upphæð ca. 11000,00 kr., sem gjörðarþoli hefir nýlega fengið tildæmdar í skaðabótamáli gegn h/f. „Hængur“ hjer í bænum. En þessar eignir kveður hann gjörðarþola ekki eiga nú. Nótabátana og nóttina kveður hann gjörðarþola hafa selt í vor Ingvari nokkrum Einarsyni, en skaðabótakröfu gjörðarþola á h/f. „Hæng“ kveður hann vera framselda. Hinn $\frac{20}{4}$ s. l. kveðst hann f. h. gjörðarþola hafa framselt Magnúsi Guðmundssyni, skipasmið, kr. 2918,12 af þessari kröfu og hefir Magnús látið mæta í fógatarjettinum og látið sýna þar skjal, sem hann telur vera framsal á fyrnefndum hluta kröfunnar. Þá kveður hann gjörðarþola og 15. júní s. l. hafa framselt kr. 2500,00 af skaðabótakröfunni til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og hefir hann lagt fram vottorð forstjóra Samábyrgðarinnar um að svo sje. Enn kveður hann gjörðarþola hafa framselt kr. 1000,00 af fyrnefndri kröfu til Hafnarsjóðs Reykjavíkur og ca. 12000,00 til Bjarna Pjeturssonar, framkvæmdarstjóra hjer í bænum.

Af þessum ástæðum mótmælir Jón Guðmundsson því f. h. gjörðarþola að fjárnám verði gert í fyrnefndum eignum þar sem gjörðarþoli eigi þær ekki nú. Að hærri upphæðir hafi verið framseldar en hin tildæmda skaðabótakrafa, kveður umboðsmaður gjörðarþola stafa af því, að gjörðarþoli hafi gjört stórum hærri skaðabótakröfu í fyrnefndu máli og búist við að fá meira tildæmt en raun varð á.

Gjörðarbeiðandi hefir nú eindregið mótmælt því að fyrnefnd framsöl á skaðabótakröfunni, nótabátunum og nóttinni hafi nokkurn tímann átt sjer stað, nema framsalið til Magnúsar Guðmundssonar. Hann hefir mótmælt hinum framlögðu vottorðum og heldur því fram að þessir munir sjeu enn eign gjörðarþola. Krefst hann þess að fjárnám verði gert í þessum eignum nema að svo miklu leyti sem skaðabótakrafan er framseld Magnúsi Guðmundssyni.

Fógatarjetturinn verður nú að líta svo á, að þar sem umboðsmaður gjörðarþola hefir upplýst það að gjörðarþoli hafi átt fyrnefndar eignir, en hinsvegar ekki fært sönnur á það, að hann hafi framselt þær til þriðjamanns þá verði ekki unt að taka mótmæli hans gegn framgangi fjárnámsins í eignum þessum til greina.

Fjárnámið í fyrgreindum eignum verður því að hafa framgang að geymdum betri rjetti sjerhvers þriðjamanns.